



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 131. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 20. júní 2016 kl. 14:30 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK) og Claus Ballzus (CB)

Boðuð forföll: Steinunn Hauksdóttir (SH) og Sigurður Markússon (SM)

Gestir fundar:

KVM setti fund 14:30.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar, sem var einróma samþykkt.

2. Nýr aðildarfélagi

Gerð var breyting á dagskrá og tekin fyrir innganga nýs aðildarfélaga. Margrét Edda Ragnarsdóttir frá Landsvirkjun hefur óskað eftir að gerast aðildarfélagi að JHFÍ, og var hún einróma samþykkt.

3. Styrkur JHFÍ

Umræða fór fram um styrk JHFÍ. Frestur til að sækja um styrkinn er til 12. september 2016, og kynnti SNK drög að auglýsingu um styrkinn, sem verður send út 15. ágúst næstkomandi. Umræða fór fram um auglýsingu á styrknum.

4. Haustfundur

Umræða fór fram um komandi haustfund JHFÍ, sem haldinn verður fimmtudaginn 6. október næstkomandi. Ákveðið var að halda fundinn í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur. Umræða fór fram um þema fundarins og skipulag hans. Rætt var um að hafa þema fundarins mögulega um nýlegar rannsóknir í jarðhitageiranum. Ákveðið var að stjórnarfulltrúar myndu áfram ræða málið í tölvupóstsamskiptum.

5. Gögn JHFÍ

SNK kynnti nýtt fyrirkomulag geymslu gagna JHFÍ, í google drive. Vel var tekið í málið.

6. Stjórnarkjör IGA

Umræða fór fram um komandi stjórnarkjör IGA og auglýsingar á kosningunum til aðildarfélaga JHFÍ.

7. Jarðhiti og krabbamein

Fram fór umræða um fréttáflutning á rannsóknum á mögulegum tengslum jarðhita og krabbameins.

8. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál.

Fundi var slitið 16:00. Næsti stjórnarfundur verður haldinn 19. september í húsakynnum Háskóla Íslands.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð
